

Föstudaginn 23. janúar 1970.

Nr. 4/1970. **Sigurjón Sigurðsson**
 gegn
 Bjarna K. Bjarnasyni.

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Gæukur
 Jörundsson.**

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. desember 1969, sem barst Hæstarétti 5. janúar 1970, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar frávisunardómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 8. desember 1969 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Sóknaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð, en í kærunni til héraðsdómara virðist hann krefjast þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurjón Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Bjarna K. Bjarnasyni, kærumálskostnað, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október s.l., hefur Sigurjón Sigurðsson, Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþing-

inu með stefnu, birtri 8. apríl 1968, gegn Bjarna K. Bjarnasyni borgardómara, Einimel 18, Reykjavík, „til greiðslu á dómskuld og kostnaði í sambandi við mál nr. 1003/1967 í bæjarþingi“, einnig til greiðslu málskostnaðar og „fyrir vinnutap í sambandi við þessi málaferli“.

Við þingfestingu skýrði stefnandi dómkröfur sínar á þann hátt, að hann krefðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 5.826.00 með 7% ársvöxtum frá 18. apríl 1968 og málskostnað að auki.

Stefndi hefur krafizt frávísunar og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Þá hefur stefndi krafizt ómerkingar og refsingar samkvæmt ákvæðum 188. gr. einkamálalaga, sbr. 2., 4. og 5. tölulið, á eftirfarandi ummælum stefnda: „Bjarni K. Bjarnason hefur í áður-nefndu máli kosið að gera málstað Halldórs Snorrasonar að sínum málstað í stað þess að vera hlutlaus og rannsaka málið af fullri samvitzkusemi“.

Með úrskurði 26. apríl 1968 vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. október 1968, var Ásgeir Thoroddsen fulltrúi skipaður setudómari í málinu.

Málið hefur dregizt vegna veikinda stefnanda.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 19. janúar 1968 kvað Bjarni K. Bjarnason borgardómari upp dóm í málinu nr. 1003/1967: Aðalbílasalan gegn Sigurjóni Sigurðssyni. Rétt þykir, að dómur þessi birtist í forsendum þessa dóms, en hann er svohljóðandi:

„Ár 1968, föstudaginn 19. janúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu nr. 1003/1967: Aðalbílasalan gegn Sigurjóni Sigurðssyni kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Aðalbílasalan hér í borg höfðað með stefnu, birtri 4. janúar 1967, gegn Sigurjóni Sigurðssyni kaupmanni, Snorrabraut 48 hér í borg, til greiðslu á sölulaunum að fjárhæð kr. 2.600.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 3. desember 1965 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en stefndi gerir ekki kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

Eigandi Aðalbílasölnnar, Halldór Snorrason, hefur skýrt svo frá málavöxtum, að í nóvembermánuði 1965 hafi stefndi, Sigurjón

Sigurðsson, beðið hann um að selja fyrir sig Volkswagen bifreið af árgreiðinni 1965, sem bar skráningarmerkið R 8147, og hafi stefndi viljað fá kr. 130.000.00 fyrir bifreiðina. Skömmu síðar hafi vitnið Ingi L. Loftsson komið á bílasöluna og maður með honum. Kveðst Halldór hafa ekið með þeim inn á Snorrabraut, þar sem bifreiðin R 8147 stóð fyrir utan verzlunina Örnólf. Ingi gerði tilboð í bifreiðina að fjárhæð kr. 120.000.00. Því tilboði hafi stefndi hafnað. Skömmu síðar hafi Ingi hringt til Halldórs og komið fram með nýtt tilboð, kr. 127.500.00. Kveðst Halldór af því tilefni hafa farið suður í Kópavog og hitt stefnda þar fyrir og tjáð honum hið nýja tilboð. Stefndi hafi hafnað tilboðinu. Skömmu eftir þetta hafi Ingi enn hringt á bílasöluna og sagzt vilja kaupa bifreiðina á 130.000.00 og ganga frá því strax. Kveðst Halldór þá strax hafa hringt í stefnda og tilkynnt honum um tilboðið. Stefndi hafi lýst því yfir, að hann samþykkti tilboðið, ef kaupandi greiddi bílasölnunni sölulaun, kr. 2.600.00, í viðbót við tilboðsfjárhæðina, kr. 130.000.00. Halldór kveðst hafa sagt stefnda, að þetta væri ekki venjulegur gangur mála. Tilboðið væri komið í bifreiðina, kr. 130.000.00, sem væri hámarksverð á bifreiðinni á bílamarkaði í Reykjavík miðað við aldur og ástand. Teldi hann því ógerlegt að hækka verðið meira. Hafi stefndi þá lýst því yfir, að hann væri sjálfur með kaupanda, sem vildi greiða kr. 130.000.00 fyrir bifreiðina milliliðalaust. Aðspurður hafi stefndi þó ekki vitað nein deili á þeim manni. Síðar kveðst Halldór hafa frétt, að kaupandi bifreiðarinnar væri Ingi L. Loftsson. Kveðst Halldór þá hafa farið til stefnda og krafið hann um sölulaun, en stefndi hafi þá sagt, að hann hefði sjálfur selt bílinn og kaupandinn hefði ekki verið Ingi, heldur einhver kona, og bæri bílasölnunni því engin sölulaun. Við nánari eftirgrennslan hafi komið í ljós, að skráður kaupandi bifreiðarinnar hafi verið Anna Lára Þorsteinsdóttir, eiginkona vitnisins Inga L. Loftssonar. Halldór kannast ekki við, að stefndi hafi tekið bílinn úr sölu, hálfum mánuði eftir að hann skráði hann inn, eins og stefndi hafi haldið fram. Minnir Halldór, að hann hafi veitt því athygli, að bifreiðin var ekki lengur á stæðinu fyrir utan verzlunina Örnólf, og þá farið að grennslast eftir því, hvað af henni hefði orðið, en Halldór kveðst búa í húsinu Bergþórugötu 61, sem sé mjög skammt frá verzluninni Örnólfi. Halldór segir, að stefndi hafi ekki getið um það, að sonur stefnda ætti bílinn R 8147.

Stefndi hefur í skýrslu, dags. 6. janúar 1967, skýrt svo frá:

„Viðvíkjandi kröfu Aðalbílasölunnar í Reykjavík vil ég taka eftirfarandi fram: Það, sem Halldór Snorrason segir um sölu bifreiðarinnar R 8147, er allt mjög ruglingslegt og sumt beinlínis rangt eins og það, að einhverjar viðræður um kaup á R 8147 hafi farið fram milli Halldórs, mín og þessa Inga. Halldór kom engu sambandi heldur á milli okkar Önnu Þorsteinsdóttur. Hann kom þarna hvergi nærri, að því er ég best veit. Sá, er ég bauð bílinn á sínum tíma, heitir Guðmundur Ingimarsson, sími 40707, og er hann sá hinn sami og átti árið áður í samningum við mig um kaup á sams konar bíl, er ég seldi þá. Þessi Guðmundur samdi árið 1965 við mig um kaupin á bílnum, sem deilt er um, og átti ég eingöngu í samningum við hann um kaupin og sá ekki og vissi ekkert um Önnu, fyrr en við undirskrift á kaupunum, sem Guðmundur annaðist með mér. Hið eina rétta hjá Halldóri er, að í nóvember 1965 bað ég hann um að selja fyrir son minn viðkomandi bíl. Kaupverðið, sem ég setti upp, var kr. 132.600.00, og átti sonur minn að fá af þessu í sinn hlut 130.000.00, en seljandi 2.600.00 í sinn hlut. Halldór eða Aðalbílasalan hafði munnlegt umboð frá mér í hálfan mánuð til að selja bifreiðina. Allan þann tíma kom aðeins einn maður í kauphugleiðingum frá Halldóri. Reyndar kom hann nokkuð oft og bauðst jafnan til að gera kaupin, ef hann fengi 5.000.00 króna afslátt af kaupverði bílsins. Þessu marg endurtekna kautilboði mannsins hafnaði ég alltaf. Og er þetta hafði gengið í um það bil hálfan mánuð, sagði ég Halldóri, að þetta gengi ekki og myndi ég selja bílinn sjálfur. Bifreiðina seldi ég síðan Önnu Þorsteinsdóttur, Hlíðarvegi 9, Kópavogi, með milligöngu Guðmundar, eins og áður segir. Eitt-hvað um það bil mánuði seinna en ég seldi bílinn 1965 spurði nefndur Halldór mig, hverjum ég hefði selt bílinn, og sagði ég honum það, og sagði Halldór ekkert við því í það sinn, en svo sem hálfum mánuði seinna kom Halldór til mín og sagðist hafa sent Inga, mann Önnu, til mín í búðina. Um það er mér ókunnugt, nema áðurnefndur maður hafi verið Ingi. Krafðist Halldór nú sölulauna. Þessari kröfu hans vísaði ég frá mér, enda hafði ég á sínum tíma spurt Guðmund og Önnu að því, hvort Halldór hefði unnið nokkuð að þessari sölu. Þau tjáðu mér bæði, að svo væri ekki. Vegna þessa og annars finnst mér þessi stefna Halldórs alveg furðuleg. Hafi Halldór verið svikinn af einhverjum, þá er það af einhverjum öðrum en mér, enda er ég vanur að greiða skuldir mínar og inna af hendi skyldur mínar á heiðarlegan hátt.

Þá vil ég geta þess, að ég hringdi, strax og mér barst bréf frá Guðjóni Styrkárssyni, og talaði við hann og mótmælti þessari órökstuddu innheimtu hans. Svar hans var, að ég skyldi þakka fyrir að fá að borga þetta til sín, annars skyldi ég fá að borga stærri upphæð.

Söluverð R 8147 til Önnu var 129.500.00 krónur. Þessi 500.00 króna lækkun frá upphaflegu söluverði stafaði af því, að ekið hafði verið utan í R 8147 á bifreiðastæðinu fyrir utan verzlunina hjá mér, og skemmdist örlítið annað brettið á bílnum“.

Vitnið Ingi L. Loftsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi komið á Aðalbílasöluna og hitt þar Halldór Snorrason. Halldór hafi ekki viljað segja vitninu, um hvaða bifreið væri að ræða, nema fara á staðinn og sýna hana. Vitnið kveðst hafa verið í fylgd með bróður sínum, Gunnari Loftssyni, og hafi þeir þrír ekið inn á Snorrabraut og skoðað bifreið þá, sem mál þetta fjallar um, en hún hafi þá staðið skammt frá verzluninni Örnólfi. Vitnið segir, að lokatilboð þess í bifreiðina hafi verið kr. 130.000.00. Upphaflega kveðst vitnið hafa ætlað að kaupa bifreiðina á eigið nafn, en þegar krafa kom fram um, að vitnið greiddi sölulaun, kr. 2.600.00, í viðbót við tilboðið, kr. 130.000.00, þá kveðst vitnið hafa talið það ósanngjarnt og óeðlilegt. Kveðst það því hafa hætt við að kaupa bifreiðina á eigið nafn og hafi þau hjónin ákveðið, að kona vitnisins, Anna Lára Þorsteinsdóttir, keypti bifreiðina á sitt nafn. Peningana, sem notaðir voru til kaupanna, kveðst vitnið hafa unnið fyrir sjálft, en vitnið telur þá vera sameign þeirra hjóna, enda hafi þau ekki gert með sér kaupmála. Vitnið segir, að afsal hafi verið undirritað í verzluninni Örnólfi og hafi eiginkona vitnisins sjálf gengið frá því, en með henni hafi verið Torfi Guðbjartsson flugvirki, samstarfsmaður vitnisins, og Guðmundur Ingimarsson flugvélavirki, einnig samstarfsmaður vitnisins. Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt, þegar afsal var gefið. Vitnið segir, að eiginkona þess hafi greitt kr. 129.500.00 fyrir bifreiðina. Vitnið segir, að Guðmundur Ingimarsson hafi aðstoðað Önnu Láru við að ganga frá afsali og gera út um kaupin, en Guðmundur hafi ekki komið kaupunum á, þ. e. sambandinu á milli seljanda og kaupanda, því að vitnið kveðst að sjálfsögðu hafa verið búíð að ræða bílakaupin við eiginkonu sína áður. Vitnið kveðst ekki vita, hvort Anna Lára skoðaði bifreiðina, áður en hún gekk frá afsalinu.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi falið Aðalbílasölnunni að selja umrædda bifreið fyrir kr. 130.000.00.

Aðalbílasalan hafi fengið tilboð í bifreiðina frá vitninu Inga L. Loftssyni. Ingi L. Loftsson hafi hætt við að kaupa bifreiðina á sitt eigið nafn, eftir að stefnandi krafðist þess, að Ingi greiddi að auki sölulaun, kr. 2.600.00. Afsalið til Önnu Láru, eiginkonu vitnisins, hafi því einungis verið gert til þess að reyna að komast undan að greiða eðlileg sölulaun. Stefndi hafi ekki getið þess, þegar hann fól stefnanda sölutilraunir, að sonur hans væri eigandi bifreiðarinnar. Beri stefndi því persónulega ábyrgð á greiðslu sölulaunanna, enda hafi skrifstofa stefnanda raunverulega komið kaupunum á. Sé vætti vitnisins Inga L. Loftssonar full sönnun fyrir því. Beri því að taka til greina kröfu stefnanda um 2% sölulaun, sem sé föst venja, að bílasalar taki hér í borg.

Við hinn munnlega málflutning lýsti stefndi því yfir, að sonur hans, Ólafur Þórir Sigurjónsson, hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar, er sala fór fram. Ólafur Þórir, sem sé fæddur 25. febrúar 1941, hafi á þessum tíma dvalizt í Frakklandi við nám og sé þar ennþá. Stefndi kveðst hins vegar hafa fengið fullt umboð til þess að selja umrædda bifreið. Hann kvaðst þó ekki vilja blanda syni sínum í málið og ekki byggja sýknukröfu sína á aðildarskort. Hann kveðst hins vegar byggja kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi ekki komið á þeim kaupum, sem um væri að ræða. Geti stefnandi því ekki krafizt neinna sölulauna út af sölu bifreiðarinnar. Að öðru leyti skírskotar hann um sýknukröfu sína til aðiljaskýrslu sinnar.

Því hefur verið lýst hér að framan, að vitnið Ingi L. Loftsson gerði tilboð í bifreiðina til Aðalbílasölnunnar að fjárhæð kr. 130.000.00. Ekki var gengið frá afsali til Inga L. Loftssonar vegna ágreinings um sölubóknun. Stefndi afsalaði bifreiðinni skömmu síðar fyrir hönd sonar síns til eiginkonu vitnisins Inga L. Loftssonar, Önnu Láru Þorsteinsdóttur, og var söluverðið kr. 129.500.00. Vitnið Ingi L. Loftsson hefur lýst því, að hann hafi látið eigin peninga til greiðslu kaupverðsins. Þegar þetta er virt og málsatvik að öðru leyti, þá verður að líta svo á, að stefnandi eigi rétt á bóknun fyrir að koma kaupunum á og að stefndi, Sigurjón Sigurðsson, sé persónulega ábyrgur fyrir greiðslu sölulaunanna, enda þykir í því sambandi ekki máli skipta, þó að sonur hans, Ólafur Þórir, hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar, enda hefur stefndi ekki sannað gegn mótmælum stefnanda, að stefndi hafi tekið það fram, þegar hann afhenti bifreiðina til sölu hjá stefnanda. Skrifstofa stefnanda gekk ekki frá afsali, sölutilkynningu né öðru því, sem venjulegt er, að bílasölur annist við kaup.

Með tilliti til þess og atvika málsins að öðru leyti þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda sölupóknun, sem hæfilega þykir ákveðin kr. 2.000.00. Ber stefnda að greiða fjárhæð þessa ásamt vöxtum, sem rétt þykir að reikna 6% ársvexti frá 3. desember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 2.200.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Aðalbílasölunni, kr. 2.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. desember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum“.

Stefnukrafan er sú fjárhæð, sem stefnandi greiddi 18. apríl 1968 til yfirborgarfégetaembættisins í Reykjavík, en þá var komin fram uppboðsbeiðni á grundvelli dómsins frá 19. janúar 1968.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar þannig, að stefndi hafi enga stoð haft undir dóm þann, er hann kvað upp, og hafi hann verið rangur. Fjalla öll skjöl þau, er stefnandi hefur lagt fram í þessu máli, um atvik og málsástæður í hinu fyrra máli.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. einkamálalaganna verður dómari í héraði einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsíðómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli. Stefnandi hefur ekki leitað meints réttar síns samkvæmt þessu lagaákvæði, og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.

Ummælin „Bjarni K. Bjarnason hefur í áður nefndu máli kosið að gera málstað Halldórs Snorrasonar að sínum málstað í stað þess að vera hlutlaus og rannsaka málið af fullri samvirkusemi“ eru ómerkt. Samkvæmt 5. tl. 188. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 er stefnandi dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 2.500.00 til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests. Stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 4.000.00.

Ásgeir Thoroddsen setudómari kvað upp dóm þennan. Dóms-

uppsagan hefur dregið vegna anna dómarans að öðrum verkefnum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Framangreind ummæli eru ómerkt. Stefnandi greiði kr. 2.500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist eigi innan aðfararfrests.

Stefnandi greiði stefnda kr. 4.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
